



Reykjavík, 24. mars 2022
PON22030061

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja gerð og innleiðingu þjónustugáttar vegna rekstrarþjónustu

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði hefja gerð og innleiðingu þjónustugáttar til að stuðla að skilvirkni í rekstrarþjónustu. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2023 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá mars 2022 t/m desember 2023. Áætlaður heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun er 22,5 m.kr. sem greiðast úr eignasjóði.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri þjónustu- og umbreytinga



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga

Efni: Heimild til að hefja gerð og innleiðingu þjónustugáttar vegna rekstrarþjónustu

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði hefja gerð og innleiðingu þjónustugáttar til að stuðla að skilvirkni í rekstrarþjónustu. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2023 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá mars 2022 t/m desember 2023. Áætlaður heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun er 22,5 m.kr. sem greiðast úr eignasjóði.

Forsaga:

Undanfarin misseri hefur verið unnið að innleiðingu nýs beiðnakerfis fyrir rekstrarþjónustu stjórnsýsluhúsa. Beiðnakerfið stuðlar að faglegra verklagi og bættri yfirsýn, sem og greiðara aðgengi starfsfólks að lykilþjónustum sem veittar er í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar. Samhliða hefur verið unnin forgreiningarvinna vegna endurnýjunar hússtjórnarkerfis sem í notkun er í Ráðhúsi Reykjavíkur og komið er að endurnýjun á. Verkefnin eru undirstaða hvað varðar skilvirkni í rekstri, stýringu og þjónustu innan Ráðhúss Reykjavíkur og eru að auki hugsuð sem fyrirmynd að hugsanlegum umbótum í rekstri í öðrum húsum borgarinnar að auki. Um var að ræða afmarkað tilraunaverkefni sem nú er tilbúið í stærri innleiðingu

Greinargerð:

Óskað er eftir heimild frá borgarráði til að hefja næsta áfanga verkefnisins þar sem bætt verður inn eiginleikum sem auðvelda verkefnastýringu og greiningu umfangs, tíðni, eðli og staðsetningar verkefna sem upp koma í daglegum rekstri stjórnsýsluhúsa. Markmiðið er að safna gögnum sem stuðla að hagkvæmari nýtingu auðlinda, mannafla og veita innsýn sem gerir fyrirbyggjandi aðgerðir mögulegar. Frekari þróun beiðnakerfis, verkferla og tengdra upplýsinga sem miðla má til starfsfólks stjórnsýsluhúsa færir veitta þjónustu á herra stigi, minnkar sóun á tíma og fjármunum og bætir vinnuástöðu allra sem hafa starfsstöð í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar. Verkefnið er einnig hannað með það í huga að þekkingaryfirfærsla geti átt sér stað við innleiðingu sambærilegs verklags í rekstri bygginga annars staðar hjá borginni.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.



Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 22,5 m.kr. milljónir sbr. samþykki borgarráðs þann 26. mars 2021 um heimild Þjónustu- og nýsköpunarsviðs að hefja verkefnaklasa í tengslum við stafrænar umbreytingar.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaáætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá mars 2022 til desember 2023.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri þjónustu- og umbreytinga